

Mánudaginn 24. febrúar 1964.

Nr. 76/1963. **Jón Einarsson** (Gunnar Jónsson hdl.)

gegn

Jóhannesi Oddssyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Víxilréttur. Málflutningur.

Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1963 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. júní 1963 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 8.873.33 með 9% ársvöxtum af kr. 100.000.00 frá 1. júní 1962 til 8. s. m. og 7% ársvöxtum af kr. 8.873.33 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 1. júní 1961 gekk gagnáfrýjandi úr fyrirtæki, sem aðiljar máls þessa höfðu rekið saman í Reykjavík. Við lúkning viðskiptanna samdist svo með þeim, að aðaláfrýjandi, sem hélt áfram rekstrinum, skyldi gefa út til handa gagnáfrýjanda eins árs víxil, að fjárhæð kr. 100.000.00. Þeir tóku víxileyðublað frá Iðnaðarbanka Íslands, gert fyrir víxil til eigin ráðstöfunar, fylltu það með dagsetningunni 1. júní 1961, fjárhæð kr. 100.000.00 og gjalddaga 1. júní 1962. Undir orðið „samþykku“ ritaði aðaláfrýjandi, Jón Einarsson, nafn sitt. Hann ritaði einnig nafn sitt af misgáningi eða vanþekkingu á þann stað á víxileyðublaðinu, þar sem nafn útgefanda á að standa. Af sams konar mistökum ritaði gagnáfrýjandi, Jóhannes Oddsson, nafn sitt í víxil-

ávarpið. Lögfræðingur gagnáfrýjanda benti honum á mistökin, áður en til máls kom út af vixlinum. Strikaði gagnáfrýjandi þá nafn aðaláfrýjanda út sem útgefanda og ritaði nafn sitt sem útgefanda í þess stað. Jafnframt strikaði hann út nafn sitt í vixilávarpinu og ritaði þar nafn aðaláfrýjanda. Fyrir neðan ritaði hann: „Leiðrétt af mér, Jóhannes Oddsson.“ Þar sem tilætlun aðilja var, að aðaláfrýjandi gerðist víxilskuldari gagnáfrýjanda, og leiðréttingin var nauðsynleg, til að gagnáfrýjandi gæti hagnýtt vixilinn, var honum heimilt að framkvæma leiðréttinguna, og ber að meta skjalið gildan vixil.

Svo sem heimilt er samkvæmt 4. gr. vixillaga nr. 93/1933, var letraður á áminnztum vixli skildaginn: „Vixillinn greiðist í Iðnaðarbanka Íslands h.f., Reykjavík.“ Gagnáfrýjandi sýndi eigi, svo sem boðið er í 38. gr. sbr. 4. gr. laganna, vixilinn til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands dagana 1., 2. eða 4. júní 1962 né lét hann sanna greiðslufall í bankanum með afsagnargerð dagana 2. eða 4. s. m. samkvæmt 3. mgr. 44. gr. og 91. gr. i.f. sömu laga. Var aðaláfrýjanda því rétt að koma vixilfjárhæðinni til geymslu á kostnað og ábyrgð gagnáfrýjanda samkvæmt 42. gr. laganna. Fjárhæð vixilsins lagði aðaláfrýjandi hinn 5. júní 1962 inn í Landsbanka Íslands á nafn gagnáfrýjanda, og var umboðsmanni gagnáfrýjanda hinn 6. s. m. afhent kvittun fyrir innborgun geymslufjárins. Veitti umboðsmaðurinn fjárhæðinni viðtöku hinn 8. s. m., en gerði fyrirvara í kvittun sinni.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hafa eigi orðið vanskil á greiðslu vixilfjárhæðarinnar, og hefur því krafa, sem reist er á slíkum vanskilum, eigi við lög að styðjast.

Í greinargerð sinni í héraði krafðist umboðsmaður aðaláfrýjanda þess, að umbjóðandi hans yrði „aðeins dæmdur til að greiða 9% ársvexti af kr. 100.000.00 frá 1. júní til 8. júní '62, $\frac{1}{3}\%$ þóknun af sömu upphæð, kr. 333.33, og stimpilgjald, kr. 1440.00, eða samtals kr. 1773.33, vaxtalaust“. Við munnlegan flutning málsins í héraði breytti

umboðsmaður aðaláfrýjanda kröfu sinni, og krafist hann nú algerrar sýknu. Héraðsdómari ákvað, að hin breytta krafa skyldi koma til álita. Hér fyrir dómi hefur umboðsmaður gagnáfrýjanda til vara krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur samkvæmt viðurkenningu umboðsmanns síns í greinargerðinni. Viðurkenning umboðsmanns aðaláfrýjanda í greinargerðinni stafaði af þeim misskilningi hans, að víxillinn væri í vanskilum, og svo af ónógri athugun hans á lagareglum þeim, er málefnið vörðuðu. Eins og atvikum málsins er háttað og með hliðsjón af grundvallarsjónarmiðum 45. gr. laga nr. 57/1962, þykir rétt að taka leiðréttingu á kröfugerðinni til greina.

Verður niðurstaðan því sú, að sýkna ber aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en vegna mistaka málflutningsmanns aðaláfrýjanda er málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón Einarsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Jóhannesar Oddssonar, í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sér a t k v æ ð i

prófessors Theodórs B. Línðals.

Ég fellst á rök meiri hluta dómsins, varðandi kröfu gagnáfrýjanda um innheimtulaun. Hins vegar tel ég eigi efni til þess að víkja til hliðar upphaflegri kröfugerð umboðsmanns aðaláfrýjanda í héraði, er telja verður aðaláfrýjanda bundinn af. Úrslit málsins tel ég því eiga að vera þau, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 9% ársvesti af kr. 100.000.00 frá 1. júní til 8. júní 1962, þóknun kr. 333.33 og stimpilgjald kr. 1440.00.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði þykir mega staðfesta.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón Einarsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóhannes Oddssyni, 9% ársvexti af kr. 100.000.00 frá 1. júní til 8. júní 1962, þóknun kr. 333.33 og stimpilgjald kr. 1440.00.

Hvor aðilja ber sinn kostnað málsins í héraði, en málskostnað í Hæstarétti greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda með kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. marz 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur Jóhannes Oddsson, Vesturgötu 57, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birttri 7. júní 1962, gegn Jóni Einarssyni, Sólheimum 16, hér í borg, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 8.873.33, ásamt 9% ársvöxtum af kr. 100.000.00 frá 1. júní 1962 til 8. s. m. og 7% ársvöxtum af kr. 8.873.33 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda að öðru leyti en því, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða 9% ársvexti af kr. 100.000.00 frá 1. til 8. júní 1962, $\frac{1}{3}$ % í þóknun af sömu fjárhæð, kr. 333.33, og kr. 1.440.00 í stimpilgjald, eða samtals kr. 1.773.33 vaxtalaust. Þá krefst stefndi þess enn fremur, að stefnandi verði dæmdur til að greiða ríflegan málskostnað að mati dómsins.

Reynt hefur verið að sætta aðilja, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að málsaðiljar ráku um nokkurra ára skeið saman fyrirtækið Glersalan og speglagerðin við Laufásveg, hér í borg. Hinn 1. júní 1961 gekk stefnandi út úr fyrirtækinu, en stefndi hélt áfram rekstri þess. Við sameignarslitin gaf stefnandi út víxil, að fjárhæð kr. 100.000.00, er stefndi samþykkti til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands h/f hinn 1. júní 1962. Fékk stefnandi víxil þenna sem greiðslu á inneign sinni í fyrirtækinu. Ekkert var rætt um vexti af vixlinum við þetta tækifæri. En einum eða tveimur dögum fyrir gjalddaga víxilsins kveðst stefnandi hafa óskað eftir því í símtali við stefnda, að

hann greiddi vexti af víxlinum frá útgáfudegi, enda kveðst stefnandi hafa litið svo á, að hér væri um raunverulegt lán að ræða. Í símtali þessu hafi stefndi fyrst neitað að greiða vexti, en fallist á það síðar í símtalinu, enda kveðst stefnandi þá hafa verið búinn að lýsa því yfir, að hann myndi fara með víxlinn í banka til innheimtu, ef stefndi greiddi ekki vexti. Fyrir hádegi 1. júní 1962 kveðst stefnandi hafa farið með víxlinn á verkstæðið til stefnda, er hafi þá eigi haft peninga til reiðu og óskað þess, að stefndi kæmi síðar um eftirmiðdaginn. Um kl. 4 sama dag fór stefnandi aftur á fund stefnda með víxlinn og óskaði þess, að hann yrði greiddur ásamt vöxtum, sem ekki hafi verið fullrætt um, hve háir yrðu. Hafi stefndi þá eigi viljað greiða, nema gegn því að stefnandi skrifaði undir skjal, viðvirkjandi úttekt sinni hjá fyrirtækinu, en það féllst stefnandi ekki á.

Stefnandi kveður stefnda nú hafa lýst því yfir, að hann væri eigi skyldugur til að greiða vexti af víxlinum. Kveðst stefnandi þá hafa óskað eftir því að fá eingöngu víxilfjárhæðina greidda, enda kveðst stefnandi þá hafa verið reiðubúinn að afhenda víxlinn gegn því að fá kr. 100.000.00 í peningum, en með því að stefndi hafi hafnað greiðsluáskorun þessari, kveðst stefnandi hafa farið við svo búið.

Stefndi kvaðst ekki hafa sýnt stefnda víxlinn í þau skipti, er hann hafi fundið stefnda að máli 1. júní 1962.

Stefnandi kveðst aldrei hafa farið með víxlinn í Iðnaðarbankann til innheimtu (þar sem hann var vistaður), en hinn 4. júní 1962 afhenti hann Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni víxlinn til innheimtu. Sama dag sendi hæstaréttarlögmaðurinn stefnda svohljóðandi innheimtubréf: „Jóhannes Oddsson, Vesturgötu 57, hér í borg, hefur falið mér að innheimta kröfu á hendur yður, að fjárhæð kr. 100.000.00, auk vaxta og kostnaðar. Er því mælt til þess, að þér komið hér á skrifstofuna til viðtals fyrir 7. þ. m., svo að sætt geti orðið á þessi mál.“

Hinn 6. júní 1962 kom Gunnar Jónsson héraðsdómslögmaður, umboðsmaður stefnda, til Magnúsar hæstaréttarlögmanns, og afhenti honum kvittun Landsbanka Íslands fyrir innborgun geymslufjár, að upphæð kr. 100.000.00, í sparisjóðsbók nr. 106190. Magnús krafði Gunnar einnig um greiðslu kostnaðar, en hann synjaði, með því að greiðsla hefði verið boðin fram á gjalddaga.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hinn 18. apríl 1962 hafi hann hitt stefnanda og þá boðið honum að gera upp við hann víxlinn, eða hvenær sem hann vildi, en stefnandi hafi þá afþakkað

það. Stefnandi hafi síðan komið til hans 1. júní s. á. og viljað fá víxilinn greiddan. Stefndi kvaðst þá hafa beðið stefnanda að gefa sér kvittun fyrir peningum, er hann hefði áður móttekið frá stefnda í sambandi við slit á framangreindu sameignarfyrirtæki þeirra. Því hafi stefnandi neitað og viljað fá greidda vexti af víxlinum í eitt ár frá útgáfudegi hans. Stefndi kveðst að sjálfsögðu hafa neitað að greiða þessa vexti, og því hafi greiðsla eigi farið fram, enda hafi stefnandi haldið fast við vaxtakröfu sína. Er þeir skildu, kveðst stefndi hafa spurt stefnanda, hvort hann ætlaði að fara í hart með þetta, en stefnandi hafi þá neitað því og sagzt ætla að fara heim og ræða þetta við konu sína, en myndi svo koma aftur til viðræðna við stefnda.

Þegar stefnandi hafi komið í síðara skiptið hinn 1. júní, kveðst stefndi hafa verið reiðubúinn að greiða honum víxilfjárhæðina, en stefnandi hafi hins vegar haldið fast við kröfu sína um vexti, en á það kvaðst stefndi eigi hafa viljað fallast og sagt í því sambandi: „Ég borga þér þessa upphæð og ekki krónu meira,“ og kveðst stefndi þar hafa átt við víxilfjárhæðina.

Er stefnandi hafi eigi verið kominn aftur hinn 4. júní 1962, kveður stefndi sér hafa dottið í hug, að hann ætlaði að láta víxilinn í innheimtu. Hafi kona stefnda því haft samband við hestaréttarlögmann nokkurn hér í borg og spurt hann um það, hvernig við ætti að bregðast, þegar neitað væri að veita peningagreiðslum viðtöku. Hafi lögmaður þessi þá viljað vita, hvar víxillinn væri vistaður, og honum verið tjáð, að það væri í Iðnaðarbanka Íslands h/f. Að fyrirsögn lögmanns þessa greiddi eiginkona stefnda víxilfjárhæðina á nafn stefnanda í nefndan banka hinn 4. júní 1962. Strax morguninn eftir, hinn 5. júní, er Iðnaðarbankinn var opnaður, kveðst stefndi hafa farið þangað og hitt þar að máli Ástvald nokkurn Magnússon, er hafi rætt mál þetta við lögfræðing bankans, sem hafi ráðlagt að leggja fjárhæðina í Landsbankann. Tók stefndi fjárhæðina því út úr Iðnaðarbankanum og lagði hana inn í Landsbankann á nafn stefnanda þenna sama morgun. Þegar stefndi kom heim til sín til hádegisverðar, kl. rúmlega 12, hafði honum borizt framangreint innheimtubréf Magnúsar hestaréttarlögmanns Thorlacius, sem hann opnaði og kynnti sér.

Við sampröfun aðilja hér fyrir dóminum hélt stefndi fast við það, að hann hefði boðizt til að greiða stefnanda kr. 100.000.00 í umrætt sinn, en hann eigi viljað taka við fjárhæðinni, nema stefndi greiddi jafnframt vexti.

Stefnandi hélt einnig fast við framburð sinn hér að framan.

Stefnandi styður stefnukröfu sína þeim rökum, að stefndi hafi eigi viljað greiða víxilin, nema stefnandi skrifaði fyrst undir sérstaka yfirlýsingu, óviðkomandi víxlinum, en stefnandi neitaði að undirrita yfirlýsingu þessa, þar sem hann taldi hana ranga. Stefndi hafi þá eigi viljað greiða víxilin og engar ráðstafanir gert í því efni, hvorki boðið fram greiðslu í verki né deponerað fénu í Landsbanka Íslands sem geymslufé, fyrr en daginn eftir að stefnandi hafði afhent víxilin til innheimtu og látið krefja stefnda um greiðslu.

Í greinargerð sinni gerði stefndi þær dómkröfur, er raktar voru í upphafi dómsins, og rökstuddi þær með því, að greiða hefði átt víxilin í Iðnaðarbankanum, en víxillinn hafi hvorki verið þar 1. júní, 2., 3. eða 4. júní 1962, og kveðst stefndi ekkert hafa vitað, hvar víxillinn var niður kominn þessa daga. Samkvæmt víxillögum eigi víxilskuldari rétt á að greiða víxil 2 næstu virka daga eftir gjalddaga. Nú hafi 1. júní verið föstudagur, 2. júní laugardagur, 3. júní sunnudagur, og síðasti dagurinn, sem stefndi hafi því haft til að greiða víxilin, hafi verið mánudagurinn 4. júní, en þá hafi víxillinn verið kominn í innheimtu til Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns. Eftir þessu telur stefndi ljóst, að sér beri eigi að greiða nein innheimtulaun af nefndum víxli, hins vegar kvaðst stefndi ávallt hafa verið reiðubúinn til að greiða stefnanda víxilin, stimpilgjaldið, víxilþóknunina og vextina, jafnvel þótt vafasamt sé, að honum beri að greiða tvo hina síðast nefndu liði.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefndi dómkröfum sínum á þá lund, að hann krefst nú algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi hefur mótmælt sýknukröfunni sem of seint fram kominni.

Eins og málatilbúnaði stefnanda var farið, verða mótmæli hans gegn því að sýknukrafa stefnda komist að í málinu, ekki tekin til greina.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að í afriti því, er lögmaður stefnanda hafi afhent honum við þingfestingu málsins, hafi stefnandi verið sagður útgefandi, en stefndi samþykkiandi og greiðandi. Við yfirheyrslur í málinu hafi lögmaður stefnda hins vegar fyrst séð frumrit víxilsins og þá tekið eftir því, að upphaflega hafi víxillinn verið gefinn út og samþykktur

af stefnda, en stefnanda getið í meginmáli hans sem greiðanda. Þessu hafi stefnandi breytt á þann veg, er getið sé á afriti víxilsins, á skrifstofu lögmanns síns án leyfis eða samþykkis stefnda.

Telur stefndi af þessum ástæðum, að plagg þetta sé eigi víxill, heldur venjuleg skuldarviðurkenning, og beri því að sýkna sig af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Ekki verður fallizt á það með stefnda, að plagg þetta sé eigi víxill, enda er hér fullnægt formaskilyrðum 1. gr. víxillaga nr. 93/1933. Það var í upphafi vilji stefnda, er hann skrifaði á víxilinn, að takast á herðar víxilskyldu samþykkjanda, er hann hefur nú fullnægt að nokkru leyti, og breyta leiðréttingar stefnanda á víxlinum engu um þá skyldu stefnda, sbr. 69. gr. nefndralaga.

Stefnandi sýndi aldrei víxilinn til greiðslu, sbr. 38. gr. víxillaga, og verður stefndi því eigi dæmdur til að greiða vexti af víxilfjárhæðinni frá gjalddaga til greiðsludags. En samkvæmt 72. gr., 4. mgr., sbr. 44. gr., 3. mgr., leiðir þetta þó eigi til greiðslufrests fyrir stefnda, þar eð eigi þurfti að afsegja víxilinn gagnvart honum, sbr. 53. gr.

Stefnda bar því til þess að losa sig úr ábyrgð gagnvart stefnanda að deponera greiðslunni á þann hátt, sem fyrir er mælt í 42. gr. Þar sem stefndi gætti þessa ekki, þykir eigi verða hjá því komizt samkvæmf 48. gr. að dæma hann til greiðslu innheimtulauna svo og $\frac{1}{3}\%$ þóknunar af víxilfjárhæðinni.

Að því er fjárhæð stimpilgjaldsins varðar, er ljóst, að í því er innifalin 5-föld stimpilsekt. Sektina ber stefnda ekki að greiða, heldur einungis hið venjulega stimpilgjald víxla, sem af þessum víxli er kr. 240.00, enda er það á ábyrgð stefnanda, að víxillinn var eigi stimplaður innan lögmæltis frests samkvæmt 12. gr. stimpillaga nr. 75/1921.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 7.673.33 (þ. e. 7.100.00 + 333.33 + 240.00) með 7% ársvöxtum frá 8. júní 1962 til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessu máli falli niður.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Einarsson, greiði stefnanda, Jóhannesi Oddsyni, kr. 7.673.33 með 7% ársvöxtum frá 8. júní 1962 til greiðsludags, en málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. marz 1963.

Nr. 3/1964. **Örn Herbertsson**
 gegn
 Lisibet Gestsdóttur.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Örn Herbertsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 500.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. marz 1964.

Nr. 80/1962. **Ákæruvaldið**
 gegn
 Charles Alfred Grimmer.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Um öflun gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Aður en dómur Hæstaréttar gengur í máli þessu, ber héraðsdómi að dómkveðja þrjá sérkunnáttumenn, er: